



SINFÓNÍSKAR KONUR

25. nóvember
kl. 16

Frumflutingur á hljómsveitarverkinu Ólafur Liljurós
í tilefni aldarafmælis Jórunnar Viðar



Það er mér mikið fagnaðarefni og sérstakur heiður að stýra fyrsta tónleikaflutningi á Ólafi Liljurós Jórunnar Viðar í sinni fullbúnu mynd. Jórunn Viðar hafði ómetanleg áhrif á tónlistarlíf Íslands. Hún er eitt af þeim tónskáldum sem náði að festa hönd á kjarna okkar íslenska arfs og vinna úr honum svo úr varð heillandi rammíslensk tónlist sem er um leið bæði fínþússuð og margbrotin í hinum fjölbreytta símfóníska hljóðheimi.

Með verkum Jórunnar höfum við sett á efnisskrána bæði eldra og yngra tónverk eftir önnur frábær tónskáld, sprellfjörugan „Forleik“ eftir Fanny Mendelssohn Hensel og nístandi svalt „Hrím“ Önnu Þorvaldsdóttur svo úr verður litrík veisla blæbrigðaríkrar tónlistar.

Forleikinn samdi Fanny Mendelssohn Hensel þegar hún var orðin sjálfstæð kona með fjölskyldu en faðir hennar hafði lagst gegn því að hún héldi áfram tónsmíðum. Nú eru breyttir tímar, vestrænum konum ekki lengur meinað að stunda störf eins og tónsmíðar, og við þykjum hafa mesta jafnrétti í heiminum hér á Íslandi. Þó hefur tíðarandinn ekki breyst nægilega mikið til þess að ungar konur finni sig auðveldlega í hlutverkum sem bera titil eins og tónskáld og hljómsveitarstjóri. Önnu Þorvaldsdóttur fannst til að mynda hún verða að fela sínar tónsmíðar framan af.

Íslenskt samfélag er er orðið mælistika á jafnrétti í heiminum. Því þurfum við að gera svo miklu betur. Ennþá eru bæði stúlkur og drengir að veigra sér við því að sinna sínum hugðarefnum

ef þau falla ekki innan tvíhyggjurammans og enn er orðum karla auðveldlega trúað en efast um orð og getu kvenna þar til þeim hefur tekist að sanna sig.

Þær tónlistarkonur sem við fögnum í dag eru mikilvægar fyrirmyndir ungra kvenna í heimi þar sem verkum karla er hampað en verkum kvenna iðulega gleymt. Félag kvenna í tónlist, Kitón, hefur eins og mörg systurfélög í öðrum löndum sett af stað bylgju við að auka sýnileika verka eftir konur og nú finnur fólk um allan heim gersemar sem gleymdust en við njótum loksins.

Höldum áfram veginn og leyfum öllum að njóta sín, við munum uppskera rikulega!



Hallfríður Ólafsdóttir

Höfundar

Anna Þorvaldsdóttir

Fanny Mendelssohn Hensel

Jórunn Viðar

Hljómsveitarstjóri

Hallfríður Ólafsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands



EFNISSKRÁ

I

Fanny Mendelssohn Hensel – Forleikur (Um 1832)

II

Anna Þorvaldsdóttir – Hrímljómi (2010)

III

Jórunn Viðar – Eldur (1950)

HLÉ

IV

Jórunn Viðar – Ólafur Liljurós (1952)

UM HALLFRÍÐI

Hallfríður Ólafsdóttir er leiðandi flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún nam tónlist á Íslandi, í London og í París, bæði flautuleik og hljómsveitarstjórn. Hún er stofnandi kammerhópsins Camerarctica og leikur reglulega einleikskonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hallfríður sinnir uppfræðslu ungs tónlistarfólks við Tónlistarskólann í Reykjavík, Listaháskóla Íslands og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hallfríður er höfundur og listrænn stjórnandi fræðsluverkefnisins um Maximús Músíkús. Metsölu-bækurnar um músikölsku músina hafa verið gefnar út og verið fluttar á tónleikum sinfóníuhljómsveita víða um heim. Ný saga var pöntuð af Los Angeles Philharmonic Orchestra, og er nýja sagan, „Maximús Músíkús fer á fjöll“, kynning á landi og þjóð,

náttúru Íslands og menningu.

Árið 2002 var Hallfríði veitt heiðursnafnbótin Associate of the Royal Academy of Music, vorið 2003 hlaut hún titilinn Bæjarlistamaður Garðabæjar og fyrir frumkvöðlastarf sitt í þágu tónlistarfræðslu hlaut Hallfríður Ridarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2014.

Hallfríður hefur á síðustu misserum sinnt hljómsveitarstjórn í auknum mæli og hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins á tónleikum auk þess að hafa stjórnað ýmsum minni hópum, bæði nemendum og atvinnuhópum á borð við Íslenska flautukórinn og Hnúkapey, sérstaklega í flutningi samtímatónlistar.



Jórunn Viðar, sem lést í febrúar á síðasta ári, hefði náð aldarafmæli nú í desember en hún samdi tónlistina við söguna af Ólafi Liljurós sem ballettverk fyrir Leikfélag Reykjavíkur árið 1952. Þá var verkið flutt í smækkaðri mynd en mun nú hljóma í fyrsta sinn á tónleikum með réttri stærð hljómsveitar og öllum þeim

blæbrigðum sem Jórunn kallar fram með sinni alkunnu snilld í skrifum fyrir sinfóniska hljómsveit.

Tónlist Jórunnar Viðar hefur tekið sér bólfestu í hjarta íslensku þjóðarinnar. Jórunn var frumkvöðull á sviði ballett- og kvikmyndatónlistar hér á landi og samdi fyrstu íslensku kvikmyndatónlistina við myndina „Síðasti bærinn í dalnum“ auk fjölmargra þjóðþekktara sönglaga, svo sem jólalöggin Jól og Það á að gefa börnum brauð. Hún samdi einnig fjölda einsöngslaga og kórlaga, útsetningar á þjóðlögum og þulum og pianókonsertinn Sláttu.

Jórunn var kennari við Söngskólann í Reykjavík og vann mikið með buriði Pálsdóttur söngkonu en saman voru þær með barnatíma í útvarpinu í mörg ár. Jórunn var fyrsta og eina konan í Tónskáldafélagi Íslands í um tvo áratugi.

Jórunn hlaut heiðurslaun listamanna frá Alþingi um árabíl og var sæmd heiðursmerki hinnar Íslensku fálkaorðu árið 1989. Hún var valin borgarlistamaður Reykjavíkur 1999 og hlaut heiðursverðlun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004 og Menningarverðlaun DV árið 2009.

UM FANNY



Þýska tónskáldið Fanny Mendelssohn, síðar Hensel, (1805–1847) sýndi snemma óvenjumikla tónlistarhæfleika. Foreldrar hennar voru vel stæðir listunnendur og Fanny stundaði bráðung nám í tónsmíðum hjá bestu fáanlegu tónlistarkennurum ásamt yngri bróður sínum, Felix, sem hlaut með tímanum frægð og frama. En þetta var snemma á 19. öld og Fanny fékk ekki að njóta sín sem tónskáld, hún var strax á unglingsárum minnt á komandi skyldur sínar sem eiginkona og móðir og þegar hún varð eldri var henni hreinlega bannað að sinna tónlist, það þótti ekki hæfa konum nema til skrauts, og sum verka hennar í fyrstu gefin út undir nafni bróður hennar. Hún hélt þó ótrauð áfram að semja, sérstaklega eftir að hún fór úr foreldrahúsum. Með nýrri vakningu hafa verk hennar nú fengið að hljóma í auknum mæli en eftir Fanny standa hátt í 500 tónverk.

UM ÖNNU



Anna Þorvaldsdóttir hefur unnið margvísleg verðlaun fyrir tónlist sína, fékk hin virtu Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012, Kravis Emerging Composer Prize verðlaunin frá Filharmóníuhljómsveitinni í New York 2015 og tvenn verðlaun frá Lincoln Center. Verk hennar hafa hljómað um allan heim til að mynda á hátíðum eins og Mostly Mozart hátíðinni í New York, Kennedy Center í Washington D.C. og í Walt Disney Concert Hall í Los Angeles. Verk hennar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda enda er Anna eitt virtasta tónskáld samtímans og er á samningi við plötuútgáfufyrirtækið Deutsche Grammophone.

Anna var útnefnd staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands í byrjun árs 2018.

I

Tónleikarnir hefjast á „Forleik“ eftir Fanny Mendelssohn. Tónmálið er klassískt eins og hjá samtímafólki hennar og má finna margt líkt með tónlistarstíl systkinanna. Eftir hægan innganginn færast fjör í leikinn, blásturshljóðfærin taka á stökk með skoppandi bogum strengjaleikaranna.

II

„Hrim“ eftir Önnu Þorvaldsdóttur var valið tónverk ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011. „Hrim er þétt ofið og afar áhrifaríkt verk, tónmálið sterkt, persónulegt og sannfærandi,“ sagði í umsögn dómnefndar. Verkið er innblásið af hugsun um dreifingu efnis, tvístrun tónmálsins milli hljóðfæra á margvíslegan hátt. Anna notar ýmsar aðferðir til þess að ná fram sínum einstaka hljóðheimi, píanistinn strýkur strengi flygilsins með höndum sínum, strengjaleikarar nota marga fingur í einu í stað fingurgóma á sína strengi og blásarar ná fram hvíslkenndum tónum.

III

„Eldur“ Jórunnar Viðar var saminn árið 1950 við ljóð Einars Benediktssonar. Verkið var frumflutt á Listamannakvöldi rétt eftir vígslu Þjóðleikhússins og var það í fyrsta sinn sem dansaður var ballett við íslenskt tónverk. Í verkinu sem og í ljóðinu má heyra lýsingar á logandi eldi sem hjaðnar niður í kraumandi glæður og einmana loga en blossar svo aftur upp.

IV

Í tilefni aldarafmælis Jórunnar Viðar verður hljómsveitarverkið „Ólafur Liljurós“ frumflutt í dag í upprunagerð fyrir sínfóniuhljómsveit. Ballettsvitan var samin að beiðni Leikfélags Reykjavíkur og var flutt í október árið 1952. Jórunn samdi

verkið við aldagamlan sagnadans um Ólaf Liljurós en kvæðið um riddarann hjartahreina má finna í ýmsum myndum í nágrannalöndum okkar. Jórunn valdi nokkur erindi úr danskvæðinu og eins og mörg önnur tónskáld sem hafa samið tónlist fyrir ballett mótar hún verkið með tónlistinni. Hver persóna fær sitt stef og millikaflar túlka atburðarásina. Jórunn laumar inn stefjabrotum úr laginu sem danskvæðið er gjarnan sungið við en snýr uppá þau svo þau þekkjast ekki endilega sem slík. Í viðtali frá 2004 segir Jórunn verkið hefjast á því að álfarnir standa fyrir utan hamarinn. „Það er vetrarkvöld og tunglsljós og stirnir á hjarnið og Ólafur kemur riðandi og bindur hestinn við staur. Þarna er tónlist við hópdans. Svo kemur út hin fyrsta álfamær og þar með fyrsti sólóldansarinn. Sú var ekki Kristi kær. Hún var hundheiðin, og það þarf ég að reyna að túlka með tónlistinni. Hún reynir við Ólaf en það gengur ekki því hann er kristinn maður. Þá hverfur hún á braut og hópdansinn heldur áfram. Þá kemur út önnur, sem heldur á silfurkönnu. Hvernig týpa er það? Um það verð ég að hugsa þegar ég sem tónlistina við hana og ég skal viðurkenna að ég geri hana dálítið erótíska. Hún er sjálfsgagt með vín í könnunni. Ólafur losar sig við hana og svo kemur út hin þriðja, með gullband um sig miðja. Hún er skrautgjörn og sú fjórða tók svo til orða: Velkominn Ólafur Liljurós, gakk í björg og bú með oss. Þetta er stórglæsileg kona og veit hvað hún vill. Og þannig koma þær hver af annarri. Það sem ég varð að gera var að finna réttu tónlistina til að túlka þessar ólíku manngerðir. Þannig er tónlistin táknmál tónskáldsins og hans tjáningarform til að klæða hugsanir sínar í einhvern búning. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir hlusta á þetta verk, en hafa ekki dansinn fyrir augunum. Hafa söguna um Ólaf Liljurós í huga, því annars skilja þeir hvorki upp né niður í þessu og halda bara að nú sé Jórunn orðin hringlandi vitlaus.“ Það var stutt í húmorinn hjá Jórunni!

1. fiðla

Rannveig Marta Sarc

César Vázquez

Hlín Erlendsdóttir

Zsuzsanna Bitay

Nina Junke

Chrissie Guðmundsdóttir

Tómasz Kolosowski

Vigdís Másdóttir

Ásta Rakel Viðarsdóttir

Tinna Mjöll Snæland Halldórsdóttir

2. fiðla

Marcin Lazarz

Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir

Jaan Alavere

Marika Alavere

Saimi Ester Kortelainen

Aldis Bergsveinsdóttir

Viola

Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Eydís Úlfarsdóttir

Pawel Kolosowski

Kristín Þóra Haraldsdóttir

Eydís Ýr Rosenkjær

Diljá Finnsdóttir

Katrín Karitas Viðarsdóttir

Selló

Ásdís Arnardóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Victoria Tarevskaia
Helga María Guðmundsdóttir
Rún Árnadóttir

Bassi

Þórir Jóhannesson
Jóhannes Georgsson
Flauta
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Una Björg Hjartardóttir

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Una Björg Hjartardóttir

Óbó

Gillian Haworth
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Ármann Helgason
Michael Weaver

Fagott

Páll Barna Szabó
Dagbjört Ingólfssdóttir

Horn

Ella Vala Ármannsdóttir
Helgi Svavarsson
Kjartan Ólafsson
Svava Guðný Helgadóttir

Trompet

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

Básúna

Carlos CaroAguilera
Einar Jónsson

Píanó og celesta

Daniel Þorsteinsson

Slagverk

Einar Scheving
Emil Þorri Emilsson

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sem er að hefja sitt 25. starfsár, hefur vaxið og dafnað og haldið fjölda tónleika á Akureyri og víða á Norðurlandi, í Eldborgarsal Hörpu, í Færeyjum, á Grænlandi og víðar. Á þessum árum hafa verið leiknar yfir hundrað mismunandi efnisskrár, en SN hefur leikið nánast allar tegundir klassískrar tónlistar allt frá barokki til nútímatónlistar auk rokks, jazz og popps.



SÖNGLEIKURINN KABARETT

Joe Masteroff

GJAFABRÉF Í
LEIKHÚS ERU
TILVALIN Í
JÓLAPAKKANN

Sýnt milli jóla og nýárs
Sýningar á nýju ári komnar í sölu

Sýningin er samstarfverkefni allra sviða Menningarfélags Akureyrar.

Miðasala er opin alla virka daga kl. 12-18 í Hofi og allan sólarhringinn á www.mak.is